

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Skipulagsfulltrúi
Árnesi
801 Selfoss

Skeiða- og Gnúpverjahreppur	
Bnr. <i>P.O.</i>	K/S <i>1.06.18</i>
Ábm. <i>[Signature]</i>	Syfr.
Afgr. <i>[Signature]</i>)Bréf ()Stj
Lvm.	Trm.

Reykjavík 28. maí 2018
UST201804-217/K.S.J.
10.04.02

Efni: Aðalskipulag Skeiða- og Gnúpverjahrepps - Reykholt í Þjórsárdal - breyting

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps er barst 20. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps á svæði Reykholtis í Þjórsárdal.

Skipulagssvæðið

Í greinargerð kemur fram að sett er inn svæði fyrir verslun og þjónustu í Reykholti og einnig við gatnamót vegar að Reykholti og Þjórsárdalsvegar. Einnig kemur fram að sett er inn vatnsból og vatnsverndarsvæði í Reykholti og aðkomuvegi breytt. Einnig kemur fram að byggingar geta orðið allt að 5500 m² og að heildar byggingarmagn við Þjórsárdalsveg geti orðið allt að 350 m². Umhverfisstofnun tekur undir það að byggingar skulu felldar að landi.

Veitur

Umhverfisstofnun tekur undir umfjöllun um veitur og það að fyrirkomulag fráveitu frá byggingum og baðlóni verði ákveðið og nánar skilgreint í samstarfi við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands við gerð deiliskipulags fyrir svæðið.

Umhverfisskýrsla

Umhverfisstofnun tekur undir áætlun um að vernda gervigíga við Þjórsárdalsveg.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við ofangreinda tillögu að aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps á svæði Reykholtis í Þjórsárdal.

Virðingarfyllt

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

[Signature]

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
Sérfræðingur